

71. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 9. júní 2023, kl. 13:00 í húsnaði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Dóróþea Reimarsdóttir varaformaður, Jón Valgeir Baldursson, Rósa Jónsdóttir, Ketill S. Jóelsson, Ida Semey fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

S. Guðrún Hauksdóttir formaður, Katrín Freysdóttir, Íris Hauksdóttir og Jón Kort Ólafsson aðalmenn boðuðu forföll.

Dagskrá

1. Ársreikningur 2022

Málinu var frestað á síðasta fundi en rekstrarniðurstaða ársins 2022 liggur ekki enn fyrir og er því frestað til næsta fundar.

2. Ársskýrsla skólans 2022

Lögð var fram ársskýrsla skólans fyrir árið 2022. Hana má finna á heimasíðu skólans.

3. Niðurstaða náms á vorönn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir niðurstöðum náms á vorönn. Þann 20. maí útskrifuðust 37 nemendur frá skólanum og hafa þá 532 nemendur útskrifast frá upphafi. Sautján útskrifuðust af félags- og hugvísindabraut, tólf af kjörnámsbraut, fjórir af íþrótt- og útivistarbraut, einn af listabraut-myndlistarsviði, einn af náttúruvísindabraut, einn af stúdentsbraut að loknu starfsnámi og einn af starfsbraut. Á vorönn skilaði skólinn 114 (227) ársnemum sem er nokkurn veginn sama tala og á vorönn 2022. Meðaleinkunn allra námsgreina með tölueinkunn er 6,4. Fall í áföngum var að meðaltali 22% og brottfall 10% sem er það sama og á síðustu haustönn. Hópanýting var 87%.

4. Innritun á haustönn

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir innritun fyrir næstu haustönn sem nú er að ljúka. Nú hafa verið innritaðir 222 nýir nemendur og 21 er í vinnslu.

5. Gjaldskrár

Skólameistari lagði til að gjaldskrá skólans yrði óbreytt. Gjaldskráin samþykkt.

6. Haustfundur dagsettur

Fyrsti fundur að hausti verður 3. þriðjudag í september (19. september) kl. 15:00. Fundurinn verður staðfundur.

7. Ráðningar

Skólameistari fór yfir ráðningu í nýtt starf. Tveir starfsmenn sögðu upp starfi sínu, ritari fer á eftirlaun og fjármálastjóri mun verða í fullu starfi sem kennari. Auglýst var nýtt starf fjármála- og verkefnastjóra eftir nýja skilgreiningu starfanna. Fimm umsóknir bárust og voru allir umsækjendur vel hæfir og með góða menntun. Lára fór yfir ráðningarferlið en hún hefur ráðið Elsu Guðrúnu Jónsdóttur í starfið.

8. Önnur mál

Framtíðarskipulag framhaldsskóla, áform um sameiningar skóla

Skólameistari upplýsti um stöðu mála í þeirri vinnu sem nú er hafin í barna- og menntamálaráðuneyti varðandi sameiningu eða samstarf framhaldsskóla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:16.